



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 4.mars 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka menntatæknifyrirtækja um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (námsmat)

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins og Samtök menntatæknifyrirtækja hér eftir „samtökin“ hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, mál nr. 97, 156. löggjafarþing. Málið náði ekki fram að ganga á 155. löggjafarþingi og er nú endurflutt. Samtökin skiluðu umsögn um áform til breytingaá lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, mál nr.S-140/2024, sem birt var í samráðsgátt þann 5. júlí 2024¹. Líkt og í þeirri umsögn, fagna samtökin því að endurskoðun standi yfir um námsmat enda mikilvægt að það sé einfalt, skilvirkt og útbúið með hagsmuni nemandans í forgrunni. Ekki er að sjá í núverandi frumvarpi að tekið hafi verið tillit til athugasemda samtakanna og því vilja samtökin koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

II. Hagnýtanleiki gagna

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að efnistöð þess byggjast m.a. á stefnumótunarvinnu sem hefur farið fram undanfarin ár, þar á meðal skýrslunni *Framtíðarstefna um samræmt námsmat – Tillögur starfshóps um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa*, frá árinu 2020. Samtökin vilja benda á að tækninni hefur fleygt fram síðan þá og að matsferlar eru nú þegar innbyggðir í margar menntatæknilausnir, án þess að nauðsynlegt sé að þróa nýja sértæka viðbót.

Í því samhengi kalla samtökin á að við námsmat sé lögð áhersla á að nýta þá menntatækni sem þegar er til staðar í stað þess að eyða verðmætum tíma og fjármunum í að þróa nýjar sértækar lausnir frá grunni. Söfnun og hagnýting gagna til árangurs er vandmeðfarið ferli og mikilvægt að þróun matsferla ali af sér ekki einungis gnótt heldur einnig gæði gagna. Tilgangur söfnunar gagna þarf að vera skýr. Einnig þarf að vera skýrt hvernig vinna eigi úr gögnunum svo matsferill veiti skólakerfinu þá mikilvægu innsýn sem slíkur ferill hefur burði til að gera. Hagnýta þarf upplýsingar til snemmtækra einstaklingsmiðaðra inngripa í námsferli þeirra nemenda sem matsferillinn mælir. Rauntímagögn veita mestu möguleika til snemmtækra íhlutana, þar sem er oft um langan veg að fara þegar upp kemur að barn nái ekki tiltækum árangri ef matsferill metur nemendur aðeins með nokkurra mánaða millibili. Aðstoða þarf þá nemandann með námsefni sem spannar margar vikur og jafnvel mánuði til að ná nemandanum á réttan kjöl. Í stað þess að slíkt sé gert jafn öðum.


Þá vilja samtökin einnig benda á þau tækifæri sem felast í nýtingu menntatæknilausna til tæknivæddrar rauntímagagnaöflunar í skólastarfi. Nýting rauntímagagnasöfnunar í gegnum

¹ [Umsogn-SI IEI um-aform-um-breytingu-a-logum-um-grunnskola-mal-S -140 2024-19 07 2024.pdf](#)

menntatækniþól veitir gögn sem eru auðnýtanleg í daglegu starfi. Slík lausn eykur líkur á upplýstri ákvarðanatöku og skapar tíma- og fjármagnssparnað ásamt því að auka traust hagsmunaaðila. Þá styðja menntatæknilausnir við markmið reglugerðar nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín.

III. Mikill áhugi skólafólks á menntatækni

Gætt hefur viðvarandi skorts á námsgögnum hérlandis undanfarin ár sem hefur haft í för með sér aukið álag á kennara. Samkvæmt könnun Menntamálastofnunar frá janúar 2024 kemur fram að 70% kennara sögðust oft eða mjög oft nýta efni sem þeir bjuggu til sjálfir vegna skorts á námsgögnum. Samkvæmt sömu könnun meðal kennara vilja 70% kennara nýta menntatækni í sínu starfi. Þrátt fyrir það gerir frumvarpið ráð fyrir að Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu sjái um þróun og rekstur matskerfa, án sérstakrar samvinnu við sérfræðinga í þróun menntatæknilausna. Samtökin telja að þessi stefna hamli nýsköpun í menntatækni á Íslandi og hindri eðlilega þróun hennar.



IV. Þörf á skýrari stefnumótun

Samtökin benda á að frumvarpið fjallar ekki sérstaklega um tæknaðgengi og upplýsingalæsi í skólum, en að slíkt gæti fallið undir almenna stefnumótun í menntamálum. Samtökin telja mikilvægt að tryggja að námsmatsgögn nýtist til einstaklingsmiðaðra inngripa í rauntíma og að gögn séu nýtt til markvissar námsaðlögunar og stuðnings við nemendur. Samkvæmt Hagstofunni hefur fjöldi nemenda í sérkennslu aukist og kennarar hafa fjölgað mun meira en nemendum. En það mætti draga af því ályktun að námsgögn skorti og inngildingar úrræði til að mæta nýjum áskorunum á síðustu árum.



AUKINN FJÖLDI STARFSMANNA

Starfsmönnum grunnskóla hefur fjölgað um 39% frá því 1998 á meðan nemendum hefur aðeins fjölgað um 8,2% (Hagstofa Íslands, 2019).



HÆRRA HLUTFALL NEMENDA Í SÉRKENNSLU

Fjöldi nemenda í sérkennslu hefur farið úr 22% í 31% og er enn í stöðugum vexti.

Samtökin hvetja stjórnvöld til að innleiða matsferla í stærðfræði, íslensku, innleiða hvatakerfi fyrir einstaklingsmiðað nám til að bæta starfsumhverfi kennara. Ætla má að innleiðing nútímavæðdra tóla myndi léttu gífurlega undir starfi kennara, en samkvæmt könnun sem

framkvæmd var af Kennarasambandi Íslands árið 2024 nefnir þriðjungur kennara sérstaklega að skortur á námsgögnum sé verulega íþyngjandi fyrir starf þeirra. Fjölbreytt námsefni og menntatækni getur komið betur til móts við fjölbreyttar þarfir barna í íslensku skólakerfi. Þannig mætti einnig léttja undir og jafnvel hagræða störfum í skólakerfinu fái kennarar aðgengi að fjölbreyttum námsgögnum.

Íslenskir kennarar hafa ekki aðgengi að sömu tólum og tækjum og kollegar þeirra í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. En bæði kennarar og kennaraforystan hafa ítrekað bent á það misræmi sem íslenskir kennarar búa við.

Samtökin leggja jafnframt til að endurskoðað verði hvernig opinberir aðilar koma að þróun námsmatskerfa og að tryggt verði að einkaaðilar geti boðið fram lausnir sínar á jafnréttisgrundvelli. Samtökin undirstrika mikilvægi þess að sérfræðingar í menntatækni fái tækifæri til að deila þekkingu sinni og leggja sitt af mörkum til þróunar íslenska menntakerfisins. Samtökin hvetja stjórnvöld til aukinnar samvinnu á þessu sviði og leggja áherslu á virkt samráð við fjölbreyttan hóp sérfræðinga, bæði innan og utan menntakerfisins.

Dæmi um innbyggða matsferla eru:

- Ásgarður ráðgjafabjónusta- gæðakerfi skóla.²
- Atlas Primer – einstaklingsmiðað nám, hjálp kennara að búa til verkefni fyrir inngildandi hóp.³
- Evolytes - stærðfræðinámskerfi sem veitir nemendum einstaklingsmiðaða námsefni og kennurum rauntímaupplýsingar um námsframvindu nemenda.
- Bara tala⁴ & Tvík inngilding- orðaforði – læsi – íslenska.⁵
- Beanfee - hvatakerfi sem ýtir undir áhugahvöt barna og er hegðunarmótandi.⁶
- Mentor - umsjónarkerfi skóla sem getur innleitt allar þessar lausnir inn fyrir grunnskóla,
- Skólalausnir – Læsir, utanumhald um lestur barna á grunnskólaaldri.⁷

Jafnframt telja samtökin mikilvægt að efla þverfaglegar menntarannsóknir í samstarfi við háskólasamfélagið, skólastofnanir, menntatækniyrirtæki, námsgagnaframleiðendur og viðeigandi stofnana sem koma að skólastarfi, til að efla skólastarf til framtíðar.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til frekara samtals um málið og vonast til að fá tækifæri til að kynna umsögn sína nánar. Að lokum benda samtökin á þörfina fyrir stefnu um tæknaaðgengi nemenda í grunnskólum, sem tryggir jöfn tækifæri til náms og nýtingar á stafrænum lausnum.

² <https://www.ais.is/>

³ <https://www.atlasprimer.com/>

⁴ <https://www.baratala.is/>

⁵ <https://tvik.is/>

⁶ <https://beanfee.com/>

⁷ <https://www.skolalausnir.is/spurt-og-svara%C3%B0>

Virðingarfyllst,



Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Sérfræðingur í mennta- og
mannauðsmálum SI



Íris E. Gísladóttir,
formaður Samtaka menntatæknifyrirtækja

